

|                                                                                                 |                                                                                                     |                 |                                                                                         |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|-----------------------------------------------------------------------------------------|
| <br>Kópavogsbær | <b>Verklagsreglur<br/>Menntasviðs Kópavogs<br/>um viðbrögð við ofbeldi í<br/>stofnunum sviðsins</b> | Vinnulýsing nr. | Vls070                                                                                  |
|                                                                                                 |                                                                                                     | Gildissvið      | Allt bæjarkerfið                                                                        |
|                                                                                                 |                                                                                                     | Ábyrgðarsvið    | Menntasvið                                                                              |
|                                                                                                 |                                                                                                     | Höfundur        | Sigurlaug<br>Bjarnadóttir,<br>Ragnheiður<br>Hermannsdóttir,<br>AnnaEygló<br>Karlsdóttir |
|                                                                                                 |                                                                                                     | Útgáfa          | 2                                                                                       |
|                                                                                                 |                                                                                                     | Samp. dags      | 26. janúar 2021                                                                         |
|                                                                                                 |                                                                                                     | Blaðsíða        | 1-4                                                                                     |

#### Tilgangur:

Að setja reglur um verklag og viðbrögð við aðstæðum sem upp kunna að koma og varða við barnaverndarlög, lög um grunnskóla, lög um leikskóla og/eða almenn hegningarlög.

#### Ábyrgð:

**Sviðstjóri** ber ábyrgð á að eftirfarandi vinnureglur séu kynntar öllum starfsmönnum menntasviðs og gengur eftir að þeim sé framfylgt.

**Stjórnendur bæjarstofnana** skulu tryggja að eftirfarandi vinnureglur séu kynntar starfsmönnum og að eftir þeim sé farið ef einhverjar þær aðstæður koma upp sem reglurnar fjalla um.

**Starfsmenn stofnana** eru ábyrgir fyrir að tilkynna sérhvert tilvik er fellur undir reglur þessar.

#### Lýsing:

Í stofnunum Kópavogsbæjar er vanræksla, líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi eða annars konar óviðeigandi hegðun ekki liðið gagnvart börnum. Ef grunur vaknar um slíkt skulu stofnanir bregðast strax við og fylgja eftirfarandi verklagsreglum.

Í öllum tilfellum þarf að gæta þess að ferli máls sé skráð strax frá upphafi sjá [skráningarblað](#).

Ef mál er tilkynnt til barnaverndar skal nota sérstök eyðublöð sem finna má [hér](#).

Unnt er að leita ráðgjafar hjá menntasviði og barnavernd ef þörf er á.



- **Tilkynning til stjórnanda stofnunar:** Þegar upp kemur grunur um ofbeldi\* gagnvart barni skal tilkynna það án tafar til stjórnanda stofnunar. Heimilt er að hlusta á frásögn barnsins en ekki skal spyrja út í ofbeldið.
- **Ákvörðun um tilkynningu til barnaverndar:** Stjórnandi stofnunar tekur ákvörðun eins fljótt og hægt er, um hvort tilkynna beri til barnaverndar, eftir atvikum að loknum fundi með foreldrum (forsjáraðilum).  
Upplýsa skal foreldra ef tilkynna á til barnaverndar nema þegar grunur er um að barn búi við ofbeldi af hálfu foreldra. Það er svo barnavernd geti nýtt heimild barnaverndarlaga til að tala við barn áður en foreldri, sem grunað er um ofbeldi gegn barninu, veit af málinu.
- **Fundur með foreldrum:**

Stjórnandi stofnunar skal ávallt boða foreldra barns í viðtal, nema ef foreldrar eru taldir gerendur. Boða skal viðtalið samdægurs og foreldrar upplýstir um málið og næstu skref. Ávallt skulu tveir starfsmenn sitja fundinn.

- **Málsmeðferð gagnvart starfsmanni:** Ef starfsmaður er grunaður um brot gegn barni skal fylgja sérstöku verklagi vegna aðgerða gegn viðkomandi.
- **Stuðningur og eftirfylgni:** Huga skal vel að eftirfylgni mála. Veita skal þolanda, geranda og öðrum stuðning eftir þörfum. Eftirfylgni með barni skal vera í samræmi við tillögur barnaverndar.

#### Tilkynning til stjórnanda stofnunar

Þegar upp kemur grunur um ofbeldi\* gagnvart barni skal tilkynna það án tafar til stjórnanda stofnunar. Heimilt er að hlusta á frásögn barnsins en ekki skal spyrja út í ofbeldið. Ekki skal upplýsa foreldra um málið þegar grunur er um að barn búi við ofbeldi af hálfu foreldra.

Starfsfólki stofnana menntasviðs er skylt að tilkynna til stjórnanda stofnunar þegar:

- grunur leikur á að *barn hafi beitt annað barn ofbeldi og*
  - ekki tekst að leysa úr málinu, eða
  - ofbeldið er mjög alvarlegt, t.d. sjáanlegir áverkar, notuð vopn og endurtekið ofbeldi.
- grunur leikur á að *barn hafi beitt annað barn kynferðisofbeldi.*
- grunur leikur á að *barn hafi verið beitt ofbeldi* (gerandi óþekktur).
- grunur leikur á að *foreldri hafi beitt barn ofbeldi eða vanrækslu.*
- grunur leikur á að *starfsmaður hafi beitt barn ofbeldi* eða atferli starfsmanns sé stórlega ábótavant, sbr. 35. gr. barnaverndarlaga.
- grunur leikur á að *barn hafi beitt starfsmann ofbeldi.*

Ef stjórnandi er grunaður um ofbeldi gagnvart barni skal tilkynna til yfirmanns á menntasviði.

Starfsfólk er bundið trúnaðarskyldu varðandi allar upplýsingar sem það fær.

Skylt er að skrásetja öll mál og ferli þeirra.

#### Ákvörðun um tilkynningu til barnaverndar

Stjórnandi stofnunar tekur ákvörðun eins fljótt og unnt er, um hvort tilkynna beri til barnaverndar, eftir atvikum að loknum fundi með foreldrum. Þegar mál er tilkynnt barnavernd kannar nefndin málið og sér um rannsókn þess. Mikilvægt er þó að vinnsla málsins haldi að öðru leyti áfram innan stofnunarinnar, s.s. stuðningur og eftirfylgni.

Samkvæmt barnaverndarlögum er öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa hafa afskipti af málum barna skylt að tilkynna til barnaverndar ef þau hafa ástæðu til að ætla að barn:

- búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Stjórnandi stofnunar metur hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttað að tilkynna eigi um það til barnaverndar þar sem barnið býr. Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnavernd sem metur hvort grunur sé nægilega rökstuddur og tekur ákvörðun um könnun í framhaldi af því.

Hver stofnun þarf að hafa ákveðið verklag um hvernig tilkynnt er til barnaverndar og hver gerir það. Fyrirkomulagið sem valið er þarf að vera til þess fallið að tilkynningu sé komið á framfæri eins fljótt og unnt er. Mikilvægt er að þetta verklag sé öllum starfsmönnum stofnunarinnar ljóst. Gert er ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni stofnunarinnar og að tilkynningin sé á ábyrgð hennar en ekki einstakra starfsmanna. Stofnunin nýtur ekki nafnleyndar.

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að ræða ekki við barnið um það heldur hafa strax samband við barnavernd. Það er síðan hlutverk barnaverndarstarfsmanna að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda. Komi barn með sýnilega áverka eða segi frá alvarlegu ofbeldi skal samstundis hafa samband við barnavernd.

Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess.

#### Fundur með foreldrum

Stjórnandi stofnunar skal ávallt boða foreldra barns í viðtal, nema ef foreldrar eru taldir gerendur. Boða skal viðtalið samdægurs og foreldrar upplýstir um málið og um næstu skref. Ætíð skulu vera tveir starfsmenn á fundum með foreldrum.

Þegar um er að ræða mál, sem ekki hefur verið tilkynnt til barnaverndar, skal leitast við að stöðva ofbeldið í samvinnu við foreldra. Þegar grunur er um vanrækslu skal leggja áherslu á úrbætur. Takist ekki að stöðva ofbeldi eða bæta úr vanrækslu skal stjórnandi á ný leggja mat á hvort tilkynna beri til barnaverndar.

Að jafnaði skal láta foreldra vita þegar send er tilkynning til barnaverndar og gera þeim grein fyrir að starfsmenn séu að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndar. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það og fjölskyldu þess fremur en ásökun í þeirra garð og að markmiðið sé að leita lausna og veita viðeigandi stuðning.

Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur sem er líkamlegt eða kynferðislegt skal hafa beint samband við barnavernd án þess að upplýsa foreldra um það. Ástæðan er sú að búi barn með einhverjum sem beitir ofbeldi getur verið hættu á að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit að tilkynnt hefur verið til barnaverndar. Í sumum tilvikum sæta þessi mál einnig lögreglurannsókn og mikilvægt er að meintur gerandi fái ekki tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins.

Barnavernd hefur enn fremur heimild til þess að tala við barn án vitneskju foreldra þegar það er nauðsynlegt til að rannsaka mál. Því er mikilvægt að ekki sé fundað með foreldrum þegar um er að ræða mál sem þarf að rannsaka, s.s. þegar foreldrar eru grunaðir um ofbeldi.

#### Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um brot gagnvart barni

Þegar grunur leikur á að starfsmaður hafi beitt barn ofbeldi fylgir stjórnandi stofnunar [Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um brot gagnvart barni.](#)

#### Stuðningur og eftirfylgni

Skýlt er að huga vel að eftirfylgni mála. Veita skal þolanda, geranda og öðrum stuðning eftir þörfum. Ákveðið teymi innan stofnunar á að bera ábyrgð á velferð barns (t.d. nemendaverndarráð, áfalla- eða lausnateymi).

Stjórnandi stofnunar hefur samráð við menntasvið og/eða barnavernd eftir þörfum um eftirfylgni með barninu. Almenn skal bjóða barni aðstoð sérfræðinga. Þegar grunur leikur á að barn hafi beitt starfsmann ofbeldi veitir stjórnandi stofnunar starfsmanni aðstoð eftir þörfum.

Tryggja þarf ráðgjöf og stuðning við hópa barna, s.s. bekkjarfélaga, vini, þá sem hafa orðið vitni að ofbeldi o.fl., þegar upp koma erfið mál. Einnig þarf að huga að stuðningi við starfsmenn og foreldra.

Gæta skal að samskiptum eða samveru milli barna þegar grunur leikur á að barn hafi beitt annað barn ofbeldi.

Stjórnandi stofnunar metur hvort kalla þurfi til sálfræðinga og félagsráðgjafa við eftirfylgni. Menntasvið veitir stjórnendum ráðgjöf og eftir atvikum aðrir sérfræðingar.

#### Skilgreiningar

*Andlegt ofbeldi* er oft erfitt að greina en það getur engu að síður haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir barnið. Það felur í sér að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barninu viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar sem eyðileggur eða hindrar þróun jákvæðrar ímyndar barnsins.

- Andlegt ofbeldi getur falist í viðhorfi eða hegðun sem segir að barnið sé einskis vert, engum þyki vænt um það eða enginn vilji sjá það.
- Andlegt ofbeldi getur falist í algjöru aðgerðarleysi eins og að sýna barninu engar tilfinningar.

*Líkamlegt ofbeldi* er ofbeldi sem beint er að börnum og hefur leitt til að barnið skaðist eða er líklegt til þess. Barnið getur borið merki ofbeldisins eins og t.d. marbletti, brunasár eða beinbrot sem barnið og/eða foreldrar reyna að fela eða eiga erfitt með að útskýra eða ef útskýring verður ótrúverðug.

- Líkamlegt ofbeldi getur falist í því að barnið er slegið, hrist, því hent til, brennt eða bundið.
- Líkamlegt ofbeldi getur falist í því að barni er viljandi gefið hættuleg lyf eða annað sem skaðað getur barnið.

*Kynferðislegt ofbeldi* gagnvart barni felur í sér:

- kynferðislega athöfn gagnvart barni eða með barni innan 15 ára aldurs með eða án vilja barnsins - kynferðislega athöfn gagnvart eða með barni 15 ára eða eldra án vilja barnsins.
- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í því að barn sé látið horfa á klámefni eða kynfæri eða teknar myndir af barni í þeim tilgangi að örva aðra kynferðislega.
- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í því að þuklað sé innan klæða á kynfærum barns eða barn látið þukla á kynfærum einhvers.
- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í samförum við barn.

*Vanræksla* getur verið bæði andleg og líkamleg og felur í sér að barn fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem því er nauðsynlegt og sem hefur leitt til skaða á þroska þess eða er líklegt til þess.

- Vanræksla getur falist í því að barn fái ekki líkamlegum þáttum fullnægt vegna sinnuleysis foreldra, ekki sé hugað að því að barn fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu o.fl.
- Vanrækslan getur varðað umsjón og eftirlit barnsins eins og að það sé skilið eftir eitt og eftirlitslaust án þess að hafa til þess aldur eða þroska eða að foreldrar eru ófærir um að sinni þörfum barnsins vegna eigin áfengis- eða vímuefnaneyslu.
- Vanræksla getur varðað skólagöngu barns, t.d. að barn komi ítrekað í skólann án nauðsynlegra áhaldna eða fatnaðar og ábendingar til foreldra um það bera engan árangur.

*Áhættuhegðun barns* felur í sér að barn hegðar sér á einhvern hátt sem hefur skaðað eða er líklegt til að skaða heilsu þess og þroska

- Áhættuhegðun barns getur verið neysla á áfengi eða vímuefnum eða barnið er farið að stunda afbrot
- Áhættuhegðun barns getur verið þegar barn skaðar sjálft sig með því að veita sjálfu sér áverka.
- Áhættuhegðun barns getur verið þegar barn beitir aðra líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

